

Stjórnarfundur TSÍ þann 22.12.2008 kl 12:00 – 13:00

Mættir voru Gunnar, Ingólfur, Raj, Rakel og Skjöldur

1. Tennisþing (tennis clinic) fyrir þjálfara og leikmenn

Það er óljóst hvort verði af fyrirhugaðu tennisþingi sem Raul Ranzinger heimsþekktur þjálfari ætlaði að sjá um núna milli jóla- og nýárs vegna veikinda í fjölskyldunni hans. Stjórnarmenn töldu það ólíklegt úr þessu en beðið er eftir lokasvari frá honum hvort hann geti komið. Þó er Raj búinn að bóka D-sal í húsakynnum ÍSÍ sem tekur 40 manns þann 29.des. Mötuneyti ÍSÍ er lokað milli jóla- og nýárs þannig að ekki yrði hægt að fara þangað eins og hugmyndir voru uppi um. Skipulagning á tennisþinginu var ekki meira rædd á þessu stigi málsins þar sem mikil óvissa ríkir um það. (Meðan ég var að skrifa fundargerðina barst tölvupóstur frá Carolu sem sagði okkur að Raul kemst því miður ekki).

Fræðsludeild ÍSÍ var búinn að gefa vilyrði fyrir 100 þ.kr. styrk fyrir tennisþingið sem er þó ekki búíð að leggja inn á reikning TSÍ. Framkvæmdastjórn ÍSÍ (sem Ingólfur sendi á) hefur gefið vilyrði fyrir 40 þ.kr styrk fyrir erlendan þjálfara sem mun vera með námskeið milli jóla- og nýárs. Sá peningur er búíð að leggja inn á TSÍ. Ákveðið var að ef Raul kemur ekki að biðja ÍSÍ um að geyma þennan styrk handa TSÍ sem mun þá leitast við að hafa álíka námskeið með erlendum þjálfara vonandi fljótlega. Annars verður að sjálfsögðu að skila þessum peningum aftur tilbaka til ÍSÍ.

2. Alþjóðatennissambandið (ITF) og Evrópusambandið (ETA)

Búíð er að biðja Alþjóðasambandið um að greiða Evróputennissambandinu \$1533 sem Alþjóðatennissambandið skuldar TSÍ. En það hefur ekki enn verið greitt. Þegar það hefur verið greitt þá mun TSÍ borga Evrópusambandinu þessar 55 þ.kr. sem eftir standa fyrir árgjaldið 2008. Með þessu móti verðum við kvitt við þessi tvö sambönd fyrir árið 2008. Ekki hefur verið ákveðið hvort greitt verði árgjöld fyrir árið 2009 til þessara sambanda.

3. Davis Cup / Fed Cup fyrir árið 2009

Raj var búin að taka saman áætlun um áætlaðan kostnað við þáttöku í Davis Cup og Fed Cup fyrir árið 2009 miðað við ákveðið gengi. Samkvæmt þeirri áætlun mun kostnaður við Davis cup vera ca 650 þ.kr en 160 þ.kr fyrir Fed Cup miðað við að senda 4 leikmenn á hvort mót. Ástæðan fyrir því er mismunandi styrkir frá Alþjóðasambandinu á þessi tvö mót. Andri gefur ekki kost á sér í Davis Cup og enn er óljóst hvort Arnar geti gefið kost á sér en hann mun væntanlega geta svarað því um miðjan janúar. Raj taldi að ef Arnar kæmist ekki þá væri ekki ráðlegt að senda þar sem andstæðingarnir eru það sterkir. Ef sent verður á hvorugt þessara móta er ekki ástæða til að greiða árgjaldið fyrir árið 2009 til ITF. Nánari upplýsingar um kostnaðaráætlun við þessi tvö mót má finna í meðfylgjandi skjali sem Raj tók saman.

3. Landsliðsæfingar

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um landsliðsæfingar fyrir vorið 2009. Eins og staðan er í dag þá hafa verið æfingar x2 í viku undir stjórn Raj, á þriðjudagskvöldum kl 22:30 og sunnudagsmorgnum kl 8. Mæting á þessar æfingar hefur verið ansi dræm og að sögn Raj

hafa aðallega Arnar, Andri og Eirdís verið að mæta. Mæting hefur verið verri á sunnudagsmorgnum en þriðjudagskvöldum. Gunnar talaði við Jónas um fleiri æfingatíma fyrir landsliðið og er laust á fimmtudagskvöldum kl 22:30. Þessa æfingatíma hefur Tennishöllin verið að gefa frítt fyrir landsliðsæfingar. Ekki eru allir landsliðsmenn á skipulögðum æfingum félaganna heldur að spila sjálfir og lýsti Gunnar yfir áhyggjum af að Birkir hefði engan á sínu getustigi til að spila við á þessum skipulögðu æfingum og lagði áherslu á að skipulagðar landsliðsæfingar yrðu fyrir vorið 2009. Menn voru sammála um að mikilvægt væri að hafa landsliðsæfingar til að bestu leikmenn spili reglulega saman. Ekkert var þó ákveðið með framhaldið og Raj stýrir þessum æfingum einungis út árið 2008.

4. Annað

Stjórninni hefur ekki borist fjárframlög frá ÍSÍ fyrir árið 2009 en Raj talaði við Líney sem hélt að starfsmannastyrkurinn yrði sá sami og fyrir árið 2008 en hækkaði ekki eins og var áætlun um. Einnig taldi hún að útbreiðslustyrkurinn yrði sá sami og að sjálfsögðu lottótekjurnar.

Magnús hefur ekki enn greitt 30 þ.kr þáttökugjald fyrir Davis Cup 2008 en skv. Gunnari þá ætlar hann að greiða það um leið og hann fær útborgað í byrjun janúar. Gunnar hefur talað við hann og var ákveðið að Raj myndi líka minnst á þetta við hann. Þetta þáttökugjald mun þá birtast í skammtímaskuld fyrir árið 2008 þar sem er ljóst að þessi greiðsla mun ekki koma fyrir lok ársins. Honum er gefinn frestur til 7.janúar 2009 til að greiða þessa skuld.

Ákveðið var að boða til fundar um mótariðina fyrir vorið 2009 líkt og var gert fyrir haustið 2008. Ingólfur mun senda út fundarboð. En stórmót TSÍ hafa verið að ganga mjög vel og hefur verið mjög góð þáttaka í þeim.

Jólaakveðja,
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ